



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

629. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 22. júní 2026
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Hildur Björnsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Hilmar Gunnarsson, Jóhanna Hreinsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Þórður Þórarinnsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Hildur Björnsdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. SSH Verkefni - 2401005

Kynning og yfirferð á verkefnum SSH. Þá liggja fyrir til samþykktar drög að fundaáætlun stjórnar fyrir árið 2026. Framkvæmdastjóri kynnir.

Niðurstaða:

Umræður. Fyrirliggjandi fundaáætlun er samþykkt.

2. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Umræður um stöðu, verkefni og fjármögnun Samgöngusáttmálans.

Niðurstaða:

Umræður. Málið verði tekið fyrir að nýju á næsta fundi stjórnar.

3. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Samkvæmt þjónustusamningi sveitarfélaga og ríkis við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. skal skipa samráðshóp en tilgangur hópsins er að m.a. að tryggja upplýsingagjöf til verkkaupa, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, og tryggja að verkkaupar komi sameinaðir fram gagnvart verksala og að fylgst sé með framgangi áætlana og markmiða samkvæmt þjónustusamningnum. Hópnum er ætlað að funda a.m.k. fjórum sinnum á ári og ræða m.a. ársfjórðungslega skýrslu um árangursmælikvarða og fylgni við þá.

Samkvæmt samningnum skal stjórn SSH tilnefna einn aðila frá hverju sveitarfélagi, þ.e. sex aðila auk varamanns fyrir hvern þeirra, í samráðshópinn.

Niðurstaða:

Stjórn SSH tilnefnir eftirfarandi aðila í samráðshópinn:

Aðalmenn:



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Birkir Guðlaugsson, Garðabæ
Guðmundur Jóhann Jónsson, Kópavogi
Guðný María Jóhannsdóttir, Reykjavík
Elísabet Einarsdóttir, Seltjarnarnesi
Haukur Skúlason, Mosfellsbæ
Kristín Thoroddsen, Hafnarfirði

Varamenn:

Andri Steinn Hilmarsson, Kópavogi
Björg Fenger, Garðabæ
Friðjón R. Friðjónsson, Reykjavík
Karólína Helga Símonardóttir, Hafnarfirði
Magnús Benediktsson, Seltjarnarnesi
Þórarinn Örn Andrésson, Mosfellsbæ

4. Málefni fatlaðra - fjármögnun málaflokks - 2207001

Umræður um málaflokk þjónustu við fatlað fólk og fjármögnun hennar.

Niðurstaða:

Stjórn SSH bókar eftirfarandi vegna fjármögnunar málaflokks þjónustu við fatlað fólk og börn með fjölþættar stuðningsþarfir:

Stjórn SSH ítrekar alvarlegar áhyggjur sem áður hefur verið lýst af hálfu samtakanna í umræðu og umsögnum til Alþingis um fjármögnun málaflokks þjónustu við fatlað fólk. Samkvæmt greiningum Sambands íslenskra sveitarfélaga var uppsafnaður halli á rekstri málaflokksins á tímabilinu 2018-2024 um 85 milljarðar kr. Í umsögn og greiningu SSH var áætlað að kostnaður vegna löggildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um þjónustu við fatlað fólk gæti numið um 14 milljörðum kr. á ári til viðbótar við núverandi útgjöld málaflokksins. Áréttað er að aðildarsveitarfélög SSH hafa mikinn metnað til að sinna þjónustu við fatlað fólk með vönduðum hætti. Hins vegar verður að tryggja að fjármagn frá ríkinu til málaflokksins sé til samræmis við þjónustuna og þær kröfur sem gerðar eru til hennar.

Í nefndaráli Velferðarnefndar Alþingis 10. nóvember 2025 um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var því beint til ríkisstjórnarinnar að haldið verði áfram nánu samstarfi og samtali við sveitarfélögin um hvernig ákvæði samningsins verði að fullu uppfyllt. Stjórn SSH telur samstarfið og samtalið við ríkið ganga of hægt þar sem engar formlegar upplýsingar um niðurstöður þess liggja fyrir, s.s. í fjármálaáætlun ríkisins sem nú hefur verið samþykkt á Alþingi. Þá liggur ekki fyrir hvernig verði farið með þann halla sem nú þegar er á málaflokknum gagnvart sveitarfélögum.

Stjórn SSH hvetur ríkisstjórnina til þess að stíga fast til jarðar hvað þetta úrlausnamál varðar og að niðurstöður samtalsins við sveitarfélögin liggja fyrir sem fyrst. Við blasir miðað við ofangreindan kostnað að sveitarfélög hafa ekki burði til að sinna þessum málaflokki nema fjármagn fylgi með frá ríkinu, líkt og þeim ber samkvæmt lögum. Ef úrlausn næst ekki á næstu mánuðum þarf að kortleggja í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga næstu skref er snúa að málaflokknum og þjónustu hans.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Þá tekur stjórn SSH undir ályktun stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga þar sem stjórnin ítrekar fyrri athugasemdir sínar við fyrirhugaða reglugerð um málsmeðferð vegna ákvörðunar um vistun barna með fjölþættar stuðningsþarfir í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins og þá kröfu stjórnarinnar að fallið verði frá fyrirhugaðri birtingu reglugerðarinnar og að reglugerðin verði endurskoðuð með það fyrir augum að hún uppfylli ákvæði samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025.

5. Sérskóli á höfuðborgarsvæðinu - Sóknaráætlun 2025 - 2502016

Viljayfirlýsing um uppbyggingu sérskólaúrræða á höfuðborgarsvæðinu var undirrituð 13. maí sl. Samkvæmt viljayfirlýsingunni skal stofna stýrihóp sveitarfélaganna sem leiðir verkefnið. Skólamálanefnd SSH skipar þrjá fagaðila til setu í hópnum, mennta- og barnamálaráðuneytið skpar einn aðila og stjórn SSH einn fulltrúa með sérþekkingu á sviði fjármála, einn fulltrúa með sérþekkingu á sviði skipulags og byggingarmál og einn fulltrúa með aðra sérþekkingu. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Niðurstaða:

Umræður. Afgreiðslu málsins er frestað til næsta stjórnarfundar.

6. Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins - 2409009

Fyrirliggjandi til umræðu er erindi Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, sem barst hinn 9. júní 2026, þar sem óskað er eftir tilnefningum stjórnar SSH til stjórnar og stefnuráðs Markaðsstofunnar en SSH skal tilnefna fjóra stjórnarmenn auk tveggja til vara og sex einstaklinga í stefnuráð. Þess er óskað að tilnefningar berist eigi síðar en 8. september nk. en aðalfundur verður haldinn 16. september nk.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Verður tekið fyrir að nýju á fundi stjórnar í ágúst.

7. 50 ára afmæli SSH - 2604007

Minnisblað með drögum að dagskrá afmælisráðstefnu SSH 28. ágúst nk. lagt fram til umræðu og kynningar.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Umræður.

8. SSH Skólamálanefnd - 2502006

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð Skólamálanefndar SSH dags. 26. mars 2026.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð Skólamálanefndar SSH dags. 22. apríl 2026.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð Skólamálanefndar SSH dags. 28. maí 2026.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08 2026